

Nd.

784. Nefndarálit

[249. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur haft frv. til athugunar á einum fundi. Mættu á fundinum félagsmálaráðherra Eggert G. Þorsteinsson og ráðuneytisstjórinn í félagsmálaráðuneytinu, Hjálmar Vilhjálmsson, sem var formaður nefndar þeirrar, sem frv. samdi. Veitti hann upplýsingar um málið og svaraði fyrirspurnum nefndarmanna.

Nefndin telur, að allt of lítill tími hafi gefizt til að athuga málið, en undirritaðir nefndarmenn eru þó sammála um að mæla með samþykkt frv. með tiltekinni breytingu, sem fram kemur á sérstöku þingskjali, í trausti þess, að endurskoðun málsins haldi áfram og það verði tekið til frekari athugunar þegar á næsta þingi.

Alþingi, 16. maí 1969.

Guðlaugur Gislason, Unnar Stefánsson, Friðjón Þórðarson.
form., frsm. fundaskr.

Matthías Bjarnason. Hannibal Valdimarsson.